

Skilyrði

Skilyrði fyrir stofnum viðskipta við S24

- Viðskiptavinur S24 þarf að hafa lögheimili eða fasta búsetu á Íslandi.
- Viðskiptavinur verður að hafa náð 18 ára aldri og vera fjárráða, þó er hægt að stofna sparnaðarreikninga fyrir einstaklinga yngri en 18 ára.
- Viðskiptavinur verður að hafa aðgang að Netinu og hafa netfang.
- Viðskiptavinur má ekki vera á vanskila- eða lokunarskrá, með árangurlaust fjárnám á sér eða gjaldþrot.

Skilyrði fyrir lánaþingreiðslu

- Viðskiptavinur þarf að hafa haft fasta búsetu á Íslandi samfelld í 24 mánuði til þess að geta fengið lán hjá S24.
- Viðskiptavinur þarf að gefa S24 heimild til að kanna skuldbindingar hans við aðrar lánastofnanir.
- Hver umsókn er metin sérstaklega varðandi lánsupphæð og tryggingar.
- Ef um ábyrgðarmenn er að ræða þá verða þeir að vera íslenskir ríkisborgarar sem eru fasteignareigendur og ekki í vanskilum. Þeir mega ekki vera eldri en 75 ára þegar skuldbindingu þeirra lýkur.

Vinnsla persónuupplýsinga

Í starfsemi sinni vinnur S24 með persónuupplýsingar um viðskiptavinum í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. S24 er það nauðsynlegt til að gegna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki og tryggja viðskiptavinum sínum góða og örugga fjármálaþjónustu. Frekari upplýsingar má finna í bæklingi um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hjá fjármálafyrirtækjum. Bæklingin er hægt að nálgast á vefsíðu S24, www.s24.is

Upplýsingarnar sem viðskiptavinur gefur upp þegar hann sækir um lán hjá S24 eru einungis notaðar í þeim tilgangi að auðvelda lánamat og flýta fyrir ákvörðunartöku varðandi afgreiðslu lánsbeiðninnar. Gögnin eru meðhöndluð samkvæmt lögum um persónuvernd og bankaleynd. Athugið að röng upplýsingagjöf leiðir til höfnunar umsóknar.

Vanskil

Viðskiptavinum með lánsviðskipti hjá S24 ber á hverjum gjaldaga að greiða umsamda afborgun og/eða vexti af lánum og/eða kortum. Berist greiðsla ekki á réttum gjalddaga reiknast vanskilavextir á skuldina skv. vaxtalögum eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands hverju sinni. Við vanskil er S24 heimilt að fela lögfræðingi innheimtu skuldarinnar ásamt öllum áföllnum kostnaði án frekari fyrirvara.

Öryggismál varðandi kort og netbanka

- Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að varðveita leyniorð og notandakenni sín á öruggum stað.
- Viðskiptavinur ber ábyrgð á korti sínu.
- Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllum greiðslum og úttektum á korti sínu.
- Viðskiptavinur má ekki undir neinum kringumstæðum gefa öðrum upp leyninúmerið sitt.
- Engin annar en korthafi hefur heimild til að nota greiðslukortið.
- Viðskiptavini ber að tilkynna S24 án tafar ef hann grunar að einhver hafi komist yfir notandakenni og/eða leyniorð hans.